

Lög

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Gjöld vegna mála á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum**, með einni nýrri grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Í málum samkvæmt lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

- a. Fyrir beiðni til héraðsdóms skv. II. kafla laganna 3.900 kr.
- b. Fyrir beiðni til sýslumanns skv. III. kafla laganna 6.300 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. 27. tölul. 1. mgr. orðast svo: Fyrir umsókn og tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt:
 - a. Fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt 10.000 kr.
 - b. Fyrir tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt 5.000 kr.
- b. Við 1. mgr. bætast fimm nýir töluliðir, 32.–36. tölul., svohljóðandi:
 32. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi fyrir 18 ára og eldri:
 - a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi, fyrsta leyfi 4.000 kr.
 - b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á EES-dvalarleyfi .. 2.000 kr.
 33. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi fyrir yngri en 18 ára:
 - a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi, fyrsta leyfi 2.000 kr.
 - b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á EES-dvalarleyfi .. 1.000 kr.
 34. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi og búsetuleyfi fyrir 18 ára og eldri:
 - a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi, fyrsta leyfi 8.000 kr.
 - b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um búsetuleyfi. 8.000 kr.
 - c. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á dvalarleyfi 4.000 kr.
 35. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi og búsetuleyfi fyrir yngri en 18 ára:
 - a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi, fyrsta leyfi 4.000 kr.
 - b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um búsetuleyfi. 4.000 kr.
 - c. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á dvalarleyfi 2.000 kr.
 36. Beiðni til mannanafnanefndar um að setja nýtt nafn á mannanafnaskrá 2.000 kr.

3. gr.

Á eftir 14. gr. a laganna kemur ný grein, 14. gr. b, svohljóðandi:

Greiða skal 1.500 kr. fyrir ársáskrift að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 1. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2006.

Samþykkt á Alþingi 2. júní 2006.